Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 8

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Skpsdb. 1246-90.

Ár 1844, hinn 24. dag ágústmánaðar fæddur, 25. s. m. skírður.

Þ- ó- r- ð-ur.

Foreldri: Árni Þórðarson söðlasmiður og hans kona Björg Pálsdóttir á Skammadal

Guðfeðgin: Ragnhildur Jónsdóttir, Sigurður bóndi Árnason, og Jón bóndi Árna-son, öll á Giljum.

Samkvæmt Ministerialbók Reynisþinga.

p. t. Norður-Hvammi 5. September 1890.

vottar

Brandur Tómasson.

(Þjónandi prestur).

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Skrifstofu Skaptafellssýslu,
Kirkjubæ, 1. októberm. 1890.

Oddvitinn í Hvammshreppi hjer í sýslu hefur í meðfylgjandi brjefi, dags. 1. f. m., fyrir hönd hreppsnefndanna í hinum fyrv. Dyrhólahreppi lýst því yfir, að nefndirnar geti eigi að svo komnu viðurkennt, að Þórður Árnason sem um ræðir í brjefi yðar, herra bæjarfógeti, 4. júlí þ. á., eigi framfærslusveit í hinum fyrv. Dyrhólahreppi. Jafnframt þessu leyfi jeg mjer að skýra yður frá, að mjer virðast þær upplýsingar, sem enn eru fram komnar í máli þessu, svo ófullkomnar, að eigi sje unnt að byggja á þeim úrskurð um sveitfesti Þórðar. Þannig vantar allar upplýsingar um, hver ár það voru, sem Þórður dvaldi í Þingeyjarsýslu, á Árbæ í Mosfellssveit og á Hólmanum í Vogum. Reynist nú svo, að verutími hans á þessum stöðum sje því eigi til fyrirstöðu, að hann hafi getað dvalið 10 ár samfleytt í Reykjavík, þá virðist aptur nauðsynlegt að rannsaka betur, hvernig veru hans þar hefur verið háttað, einkum það, hvort hann hafi nokkurn tíma verið þar í húsmennsku þó að hann sje talinn húsmaður nokkur ár í prestsþjónustubókunum, því að eigi er að sjá, að vitnum þeim, sem yfirheyrð hafa verið í málinu, sje kunnugt um þá húsmennsku. En hafi hann aldrei verið þar húsráðandi, þá getur aptur komið til álita, hvort hann hafi eigi með dvöl sinni í Reykjavík sem lausamaður getað unnið sjer þar sveit, jafnvel þó að hann hafi aldrei fengið þar lausamennskuleyfi.

Af þessum ástæðum sje jeg mjer eigi fært að

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úrskurða umræddan Þórð Árnason sveitlægan í fæðingarhreppi hans; hinum fyrv. Dyrhólahreppi.

/ Fæðingarvottorð Þórðar fylgir hjermeð.

Sigurður Ólafsson

Til

bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í Sameinudu hefndarnefnd Hvamms og Dyrhóla hreppa Skaftafellssýslu 1224. 90.

Presthúsum 1. Septembr. m. 1890.

Þjer hafid herra sýslumadur! med brjefi frá 31. júli m. næstlidna sent

hingad til andsvara erindi frá Bæarfógetanum í Reykjavík, med 2.

fylgiskjölum, vid víkjandi sveitfesti Þórdar nokkurs Árnasonar

sem vjer svörum á þessa leid: vjer gétum átt von á manni med því nafni,

sem hjer er fæddur í Ágúst 1843. og fluttist hjedan í annad sinn, þá til

Reykjavíkur, á árunum 1860. til 1866. nálægt tvítugs aldri, sídan vitum

vjer lítid hvad um hann hefur lidid, utan ad hann hafi optast haldid til í

Reykjavík, en í hvada stödu er oss ókunnugt, og af ádminstum fylgi-

skjölum gétum vjer lítid glöggvad oss á framfærslusveit þessa manns, og

því þó í fljótu bragdi sýnist ad skýrsla sjálfs hanns sje hrakinn med

vitna leidslu í málinu, koma þar fram svo miklar mótsagnir, sam-

bornar vid vottord sóknarprestsins í Reykjavík, m. m. til dæmis

ad fleirst vitnin „þora varla ad fullyrda, ad Þórdur þessi hafi aldrei

átt fast heimili í Reykjavík", af þessari ósamhljódan gétum vjer engva

betri sannfæring fengid en þá, ad vitnin hafi í því atridi, — hvad sem

um veru stadina er —, borid um þad sem þau ekkert vissu, því þó vott-

ord prestsins nái yfir minnstan hluta tíma þess er vjer meinum

ad Þórdur hafi átt heima í Reykjavík, sýnir þad ljóslega ad hann

hefir þó verid skrifadur heimilisfastur þar, og þad sídustu árin, sem

þó mætti ætla ad vitnunum væri ei ókunnugra um, en hin fyrri, enda

vitum vjer þad fullkomlega á annann hátt, ad svo hefir verid, en hvad

stödu Þórdar hefir lidid þar er oss ókunnugt, nema hvad vjer gétum

ei leitt oss í grun, því sídur brúad, ad hann hafi verid lidinn þar í fleiri

áratugi, í svo ólöglegri stödu, sem leifislaus húsmadur, og því sídur

flakkari, enda virdist oss spursmál, hvert ó átalin margra ára

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hús mennska, — þó leyfis leus sje, — gèti engin áhrif haft á sveitfesti manns, því trauðlega gat það til lengdar dulist bvarstjórninni ef svo hefði verið, gètur þá ekki, er svo á stendur orðið likt að liða og leyfa? Finn sèt opt nefndur Þórður hvergi skrifaður til heimilis, — umfram skyrsluhanns — . síðan hann fór hjeðan, annarstaðar en í Reykjavík, verðum vjer ætla hann hafi altaf átt þar heima.

hvað styrk þann snertir sem búið er að veita honum væntum vjer að bvarstjórnin hafi, — sem hægt mun hafa verið. — fullvissað sig um, að hann hafi ei verið veittur honum í ólöglegri hús mennsku, því þá mundi hún hafa vitað hverjum bar að kostnaður, enda styrkurinn verið veittur á formlegan hátt.

Af framanskrifaðu gètum vjer ekki játað sveitfesti Þórðar Arnasonar hjer ^fyr verandi^ í Dyrhólahreppi að svo komnu, en verðum biða, að fengnum öllum mögulegum skilrikjum, — úrskurðar í máli þessu. —

Fitgi skjölin endur sendast með brjefi þessu. —

virðingarfyllst,

fyrir hönd nefndarinnar

Finnbogi Einarsson

Til

Sýslumannsins í Skaptafells sýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

...t festi
...
... of
...r leyfad?
...m skyrdu-
... verdum

...d
...d hann
...di
...d Vett-

...Arnn-
... ad
...d. —

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur